

AUGLÝSING**um umferð í Vestmannaeyjum.**

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Aðalbrautir.

- a. Vestmannabraut frá Heiðavegi að Heimagötu.
- b. Strandvegur frá Formannabraut að Hlíðarvegi.

2. Stöðvunarskylda.

- a. Horn Faxastígs og Skólavegar.
- b. Horn Bárugötu og Vestmannabrautar.
- c. Horn Miðstrætis og Bárugötu bæði austan og vestan Bárugötu.

Þar sem sett hafa verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar, og þegar ekið er af stað aftur er skylt að sýna ýtrustu varúð.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, 2. janúar 1962.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT**um stjórn Akureyrar.****I. KAFLI****Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Akureyrar er skipuð 11 bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

2. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er almennt í fyrirsvari fyrir bæinn og skal engu máli, er hann varðar, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórninni ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi:

A. Bæjarstjórn fer með yfirstjórn á fjárreiðum bæjarins.

1. Fyrir lok desembermánaðar ár hvert ber bæjarstjórn að gera áætlun um tekjur og gjöld bæjarins fyrir næsta reikningsár (almanaksár). Í fjárhagsáætlun skal sýna í meginatriðum, hvernig áætlaðar tekjur skiptast, hvernig fjárveitingu til einstakra stofnana og framkvæmda skuli hagað, sbr. B-lið.
2. Bæjarstjórn á að hafa yfirumsjón með fjárstjórn bæjarins, með því að tekjur séu innheimtar og greiðslur inntar af hendi í samræmi við það, sem ákveðið er í fjárhagsáætlun.